

## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/98

frá 13. janúar 2010

um örugg skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkjanna til að ganga úr skugga um að öðrum, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki (\*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 19)

(2010/19/ESB)

## FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

ökumanskorta sem gefin eru út í Evrópusambandinu.

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum<sup>1</sup> er kveðið á um að lögbært yfirvald í aðildarríki skuli gefa út, að beiðni öðrum, sem hefur fasta búsetu í því aðildarríki, öðrum, eins og það er skilgreint í I. viðauka B við þá reglugerð.
- 2) Samkvæmt kröfu 268a í reglugerð (EBE) nr. 3821/85 skulu aðildarríki skiptast á gögnum á rafrænu formi til þess að tryggja að öðrum, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki. Í samræmi við þá kröfu geta lögbær yfirvöld aðildarríkja einnig skipst á gögnum á rafrænu formi þegar framkvæmt er eftirlit með öðrum á vegum eða á athafnasvæðum fyrirtækis til þess að ganga úr skugga um að öðrum séu aðeins til í einu eintaki og séu tæk.
- 3) Lögbært yfirvald skal ganga úr skugga um að umsækjendur séu ekki þegar handhafar gilds öðrum.
- 4) Gagnkvæm viðurkenning gildir um öðrum sem aðildarríkin gefa út.
- 5) Tryggja skal öryggi, heilleika og áreiðanleika stafræna öðrutakerfisins með viðeigandi eftirliti og notkun
- 6) Æskilegt er að útgáfuyfirvöld hafi tiltæk skilvirk vinnsluferli og verklagsreglur til þess að halda almenninga utan um gögn um útgáfu öðrutakorta almennt og öðrum sérstaklega.
- 7) Til að koma í veg fyrir að öðmaður geti átt fleiri en eitt gild öðrum skulu útgáfuyfirvöld í aðildarríkjunum geta með skjótum og öruggum hætti staðfest upplýsingar um útgefin öðrum og skipst á þessum upplýsingum.
- 8) Í tengslum við vegaeftirlit skulu ábyrg, landsyfirvöld hafa möguleikann á að athuga hvort öðmaður sé handhafi öðrumskorts og ganga úr skugga um að tiltekið öðrum sé í gildi.
- 9) Upplýsingamiðlunarkerfið TACHOnet er traust og áreiðanlegt verkfæri fyrir rafræn gagnaskipti milli aðildarríkja varðandi útgáfu öðrumskorta og eftirlit með þeim og eru 28 Evrópulönd nú þegar tengd því kerfi. TACHOnet-kerfið er skilgreint með tilvísunarskjölum, þ.m.t. uppsláttarhandbókin „XML messaging Reference Guide“, og eru þau öll birt á vefsetri þjónustudeildar framkvæmdastjórnarinnar sem ber ábyrgð á félagslegu þáttunum í stefnunni á sviði vegaflutninga.
- 10) Afkastageta TACHOnet-kerfisins er háð afkastagetu kerfa í hverju landi fyrir sig. Því er rétt að setja fram lágmarksþjónustustig varðandi tiltækileika kerfisins sem aðildarríkin skulu leitast við að ná.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 9, 14.1.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 3.3.2011, bls. 24.

(<sup>1</sup>) Stjtfð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

## SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

## Lágmarksþjónustustig

## Notkun TACHOnet-kerfisins

1. Aðildarríkin skulu nota TACHOnet-kerfið við upplýsingaskipti þegar gengið er úr skugga um að ökumannskort, sem gefið er út í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, sé aðeins til í einu eintaki.

## Notkun annarra samhæfðra kerfa

2. Hópur aðildarríkja getur einnig skipst á rafrænum gögnum sín á milli með því að nota samhæft kerfi, sem samrýmist a.m.k. uppláttarhandbókinni „TACHOnet XML messaging Reference Guide“ sem birt er á vefsetri framkvæmda-stjórnarinnar að því tilskildu að þau skiptist á rafrænum gögnum við öll önnur aðildarríki með því að nota TACHOnet-kerfið.

## Verklag við að ganga úr skugga um að ökumannskort sé aðeins til í einu eintaki

3. Þegar gengið er úr skugga um að ökumannskort sé aðeins til í einu eintaki skulu aðildarríkin beita verklaginu sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

## Notkun lögbærra eftirlitsyfirvalda í hverju aðildarríki á TACHOnet-kerfinu eða sambærilegum kerfum

4. Aðildarríki skulu gera framfylgdaraðilum og eftirlitsaðilum í hverju aðildarríki kleift að nota TACHOnet-kerfið og/eða sambærileg kerfi, hvetja til og stuðla að slíkri notkun til að greiða fyrir skilvirku eftirliti með því að ökumannskort séu í gildi, séu tæk og að þau séu aðeins til í einu eintaki, einkum við eftirlit á vegum eða á athafnasvæðum fyrirtækis.

5. Aðildarríki skulu tryggja lágmarksþjónustustig fyrir TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi, eins og um getur í 2. lið, eins og lýst er í II. viðauka.

## Eftirfylgni

6. Aðildarríkin eru hvött til að tilkynna framkvæmdastjórninni um aðgerðir sem teknar eru með hliðsjón af þessum tilmælum eigi síðar en 30. júní 2010.

## Endurskoðun

7. Ef sambærilegt kerfi fyrir rafræn gagnaskipti, sem er nothæft í öllum aðildarríkjunum, er tiltækt til notkunar skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessi tilmæli að beiðni a.m.k. fimm aðildarríkja og að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

## Viðtakendur

8. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. janúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

*I. VIÐAUKI***GENGIÐ ÚR SKUGGA UM AÐ ÖKUMANNSKORT SÉU AÐEINS TIL Í EINU EINTAKI**

1. Allar umsóknir um ökumannskort skulu bornar saman við skrána yfir ökumannskort í því aðildarríki þar sem umsóknin er lögð fram.
2. Þegar svo háttar til að umsækjandi er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í því landi þar sem umsókn er lögð fram, geta yfirvöldin sem gefa út kort í aðildarríkinu notað TACHOnet-kerfið, eða samhæft kerfi, til þess að framkvæma úrtakskannanir til að staðfesta hvort umsækjandinn hafi sótt um og/eða fengið ökumannskort í öðru aðildarríki. Slíkar úrtakskannanir skulu ná yfir a.m.k. 2% allra umsókna.
3. Þegar svo háttar til að umsækjandi er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í öðru aðildarríki en því landi þar sem umsókn er lögð fram, skulu yfirvöldin, sem gefa út kort í aðildarríkinu, ávallt nota TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi.
4. Aðildarríki, sem gefa út ökumannskort til handa ökumanni sem er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í öðru aðildarríki, skulu þegar í stað, í gegnum TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi, tilkynna þessu aðildarríki um að ökumannskort hafi verið gefið út.
5. Aðildarríki sem berst tilkynning frá öðru aðildarríki um að ökumannskort hafi verið gefið út til handa ökumanni sem er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í aðildarríkinu, sem fær tilkynningu, skal skrásetja þessar upplýsingar í skrá sinni yfir ökumannskort. Þessi skráning er ekki nauðsynleg ef útgáfuyfirvöldin nota TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi fyrir allar umsóknir.

---

## II. VIÐAUKI

## LÁGMARKSPJÓNUSTUSTIG

Aðildarríki skulu sjá til þess að TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi til rafrænnar upplýsingamiðlunar uppfylli eftirfarandi lágmarkskröfur um þjónustu:

1. *Tímalengd og umfang þjónustunnar:*

allan sólarhringinn sjö daga vikunnar

2. *Hlutfall tiltækileika kerfisins:*

98%

Hlutfall tiltækileika kerfisins er prósentuhlutfall þess tíma sem kerfið er virkt.

Hlutfall tiltækileika	Jafngildir því að kerfið er ekki tiltækt		
	Daglega	Mánaðarlega	Árlega
98%	20 mínútur	10 klst.	5 dagar

3. *Svörunartími kerfisins:*

Hámark 60 sekúndur

Ef kerfið uppfyllir ekki kröfur um svörunartíma skal aðildarríki grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til þess að koma kerfinu aftur til eðlilegs svörunartíma svo fljótt sem auðið er.

4. *Viðhaldsregla:*

Aðildarríki skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um alla viðhaldsstarfsemi með því að nota verkfærið „Schedule Maintenance“ (Viðhaldsáætlun) sem tiltækt er á vefgátt TACHOnet:

<https://webgate.cec.eu-admin.net/tachonet/prod/tachonetportal/>

(aðgangur takmarkaður við tengingu um s-TESTA netkerfi).

5. *Eðlilegu ástandi komið á eftir bilun:*

Ef ekki er unnt að gera við bilun innan 30 mínútna skal aðildarríkið, þar sem kerfið, sem bilunin var rakin til, er staðsett, fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

- tilkynna hinum aðildarríkjunum um það í gegnum verkfærið „Schedule Maintenance“ — afrit er sjálfkrafa áframsent á framkvæmdastjórnina,
- senda tafarlaust tilkynningu þegar kerfið starfar eðlilega aftur.